# SKORRADALSHREPPUR
## Aðalskipulag 2010 - 2022
## Indriðastaðir - Dyrholt
## Breyting á landnotkun

Lýsing á skipulagsverkefni,
skv. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010

19. febrúar 2019

Pétur H. Jónsson skipulagsfr. arkitekt f.a.í.
Laugaveg 13, 101 Reykjavík
Sími: 562-4140 Netfang: ima@simnet.is

1. Inngangur

Hér er um að ræða 7 ha svæði á jörðinni Indriðastaðir í Skorradal, sem nefnist Dyrholt. Hafa landeigendur hug á að óska eftir breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins þar sem svæðinu yrði breytt úr verslunar- og þjónustusvæði í svæði fyrir frístunda byggð. Ennfremur er ráðgert að vinna breytingu á deiliskipulagi fyrir svæðið og auglýsa samhliða aðalskipulagsbreytingunni.

2. Skipulagslýsing

Skipulagslýsing er ætluð til að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betra upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.
Lýsing þessi er gerð skv. 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr.123/ 2010 sem er eftirfarandi:
30. gr. Gerð aðalskipulags, kynning og samráð.
*„Þegar vinna við gerð aðalskipulagstillögu hefst skal sveitarstjórn taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um hana hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.*
*Í skipulagsreglugerð er kveðið nánar á um lýsingu aðalskipulagsverkefnis og kynningu hennar´´.*

3. Forsendur

Núverandi landeigendur hafa hug á að nýta landið undir frístundabyggð í stað verslunar- og þjónustu. Skorradalshreppur er vinsæll og eftirsóttur staður fyrir frístundabyggð og vilja landeigendur dvelja þar í sínum frítíma og njóta staðarins og því sem hann hefur upp á að bjóða.

4. Stefna í Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010 - 2022

Aðalskipulagsbreyting þessi er í samræmi við þau markmið og stefnu sem fjallað er um í Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010 - 2022. Í kaflanum meginmarkmið hreppsnefndar bls. 3 segir að eitt af helstu stefnumiðum sveitarstjórnar í byggðarþróun sé að skapa góð atvinnu-, búsetu- og frístundaskilyrði í fallegu og öruggu umhverfi.
Í kafla IV. Umhverfisskýrsla á bls. 51, Samantekt segir m.a.:
*Í tillögunni er mörkuð sú meginstefna að landnotkun á skipulagssvæðinu verði fyrst og fremst til landbúnaðar, sbr. skilgreiningu jarðalaga nr. 81/2004 um landbúnað. Stefnt er að fjölgun íbúa á skipulagstímabilinu er því víða gert ráð fyrir íbúða- og frístundasvæðum, lögð áhersla á að lóðir á slíkum svæðum séu frekar leigðar en seldar til að tryggja sjálfbærni jarða. Samfara þessu er lögð áhersla á uppbyggingu verslunar- og þjónustu, sem og sköpun annarra atvinnutækifæra. Þá er gert ráð fyrir margvíslegri aðstöðu til frístundaiðkunar auk þess sem mörkuð eru óbyggð svæði, sem henta vel til útivistar.*
Í kaflanum, Umhverfisáhrif á bls. 52 segir:
*Fyrirhuguð frístundabyggð er talin styrkja byggð og auka eftirspurn eftir þjónustu. Líkt og með íbúðarbyggð er frístundabyggð þó talin hafa neikvæð áhrif á margvíslega þætti s.s. á landslag og gróðurfar, samfara aukinni hættu á mengun.*




*Skipulagssvæðið er sýnt með gulri línu.*

5. Skipulagssvæðið og staðhættir

Svæðið sem deiliskipulagsbreytingin nær yfir er sjö ha að stærð og er á jörðinni Indriðastaðir í Skorradal, sem nefnist Dyrholt. Landið er flatlent, framræst, mói og tún í um 70 m. h.y.s. Á svæðinu hafa þegar verið byggð fimm hús. Aðkoma er frá Indriðastöðum.




*Hluti úr Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010 - 2022 m.s.br.*

6. Aðalskipulagsbreyting

Sem fyrr segir er svæðið sem um ræðir sjö ha að stærð. Í gildandi Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010 - 2022 eru þar af 2 ha skilgreindir sem verslunar- og þjónustusvæði og 5 ha opið svæði þar sem gert er ráð fyrir tjaldsvæði. Í aðalskipulagsbreytingunni er gert ráð fyrir að svæði þessu verði breytt og skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð. Gerðar verða breytingar í greinargerð aðalskipulagsins til samræmis.

7. Áhrifamat

Svæðið er ekki á verndarsvæði og að hluta byggt og er því þegar raskað. Frekari uppbygging mannvirkja á svæðinu mun, hafa einhver neikvæð áhrif á ásýnd og landslag. Dregið er úr neikvæðum áhrifum eins og hægt er, með því að setja í skilmála, að mannvirki skuli falla að svipmóti lands og skal lita- og efnisval miða við náttúrulega liti í umhverfinu. Frístundabyggð þessi er talin hafa jákvæð áhrif á samfélag þar sem hún mun styrkja byggð, skapar atvinnutækifæri og auka fjölbreytni í atvinnulífi.

8. Umsagnaraðilar

Skipulagsstofnun
Vegagerðin
Minjastofnun Íslands
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Slökkviliðs Borgarbyggðar
Landeigenda Indriðastaða

9. Skipulagsferli og tímaáætlun

1. Lýsing á fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu kynnt fyrir skipulagsnefnd Skorradalshrepps.
   Áætlaður tími: febrúar 2019
2. Sveitarstjórn sendir lýsingu á verkefninu, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, til umsagnar Skipulagsstofnunar, umsagnaraðila, hagsmunaaðila og kynnir hana fyrir almenningi.
   Áætlaður tími: febrúar/apríl 2019
3. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi, tekin til umfjöllunar og afgreiðslu í sveitarstjórn Skorradalshrepps.
   Áætlaður tími: apríl/maí 2019
4. Sveitarstjórn auglýsir tillöguna í héraðsblaði, blaði sem gefið er út á landsvísu, í Lögbirtingablaðinu og á heimasíðu Skipulagsfulltrúa og sveitarfélags. Frestur til athugasemda er sex vikur frá birtingu auglýsingar.
   Áætlaður tími: maí/júlí 2019
5. Að loknum kynningartíma fer sveitarstjórn yfir innkomnar athugasemdir. Ef einhverjar eru og þeim svarað. Sveitarstjórn samþykkir eða samþykkir ekki tillöguna í ljósi innsendra umsagna og athugasemda.
   Áætlaður tími: júlí/ágúst 2019
6. Ef sveitarstjórn samþykkir tillöguna sendir hún hana til Skipulagsstofnunar til athugunar ásamt umsögnum og athugasemdum til endanlegrar afgreiðslu.
   Áætlaður tími: júlí/ágúst 2019
7. Tillagan auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.
   Áætlaður tími: ágúst/september 2019

10. Samþykkt lýsingar

Lýsing, þessi er í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010
var samþykkt í sveitarstjórn Skorradalshrepps.
þann_____20